

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Austurhöfn TRH.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 28. júní 2013, breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna breyttrar staðsetningar skiltis við Hörpu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Nauthólsvík.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 12. júlí 2013, breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur. Í breytingunni felst að ákvæði um stríðsminjasafn er fellt niður en í stað þess verði ákvæði um að húsin verði fyrir veitingarekstur eða aðra starfsemi og þjónustu sem fellur að nýtingu útivistarsvæðis og starfsemi í Nauthólsvík.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sogamýri.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 10. júlí 2013, breytingu á deiliskipulagi Sogamýrar. Breytingin felur í sér þrjár nýjar lóðir austan lóðanna við Suðurlandsbraut 68-70, ásamt hliðrun á göngustíg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 22. ágúst 2013.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. ágúst 2013